



Félag löggiltra endurskoðenda

Námskeið 11. desember 2018 Alþjóðlegur skattaréttur

Ætlað:	Opið öllum
Leiðbeinendur:	Ágúst Karl Guðmundsson og Vilmar Freyr Sævarsson sérfræðingar hjá KPMG
Staður:	Grand Hótel Reykjavík
Tími:	Þriðjudaginn 11. desember 2018 kl. 9:00 – 12:00
Einingar:	Þrjár endurmenntunareiningar í flokknum skatta- og félagaréttur
Verð:	Kr. 19.500- fyrir félagsmenn og starfsmenn endurskoðunarstofa en 28.000 fyrir aðra
Skráning:	Skráning á vefsíðu FLE til kl. 15:00 - 10. desember

Námskeiðslýsing:

Á námskeiðinu verður farið yfir helstu gildandi reglur er varða alþjóðlegan skattarétt. Viðskipti yfir landamæri leiða oft til þess að sömu tekjur sæta skattlagningu í tveimur eða fleiri ríkjum auk þess sem ríkar kröfur eru gerðar til upplýsingagjafar. Á þessu sviði hafa gilt ákveðnar alþjóðlegar leikreglur sem ætlað er að leysa úr tvísköttun en jafnframt koma í veg fyrir skattasniðgöngu. Á síðustu árum hafa átt sér stað umfangsmiklar breytingar á þessum leikreglum sem OECD hefur leitt með BEPS (e. Base Erosion and Profit Shift) aðgerðaráætlun sinni sem ætlað er að koma í veg fyrir tilfærslu á skattstofnum.

Ísland er eitt þeirra ríkja sem hefur skuldbundið sig til þess að taka upp og spila eftir hinum nýju leikreglum og hefur hluti þessara reglna verið lögfestur nú þegar. Á námskeiðinu verður leitast við að taka saman helstu gildandi reglur á þessu sviði og gera lauslega grein fyrir þeim þannig að heildstæð mynd fái af þeirri áhættu og þeim skuldbindingum sem felst í því að eiga viðskipti yfir landamæri.

Leiðbeinendur:



Ágúst Karl Guðmundsson, Partner og lögmaður og **Vilmar Freyr Sævarsson**, Senior Manager og lögfræðingur, báðir með framhaldsmenntun (LL.M.) í alþjóðlegum- og evrópskum skattarétti frá háskólanum í Leiden, Hollandi.